

Samráðsfundur

Dags: 21. nóv. 2008, kl. 11:00.

Aðili: Veiðimálastofnun (V)

Þátttakendur: Sigurður Guðjónsson og Guðni Guðbergsson

Kontakt: Sigurður

Frá verkefnisstjórn: Svanfríður og Tómas

1. V hefur sent verkefnastjórn greiargerð sem send var formönnum faghópa I og II (fylgir að neðan).
2. Siguruður kynnti stuttlega stofnunina. Starfssvið hennar tekur til alls lífríkis í vatni. Hún á mikil gögn um stöðuvötn og vatnsföll. Hafa komið að flestum virkjunum landins - öllum þeim stærstu - og unnð mikið með orkufyrirtækjum. Hafa komið nálægt rannsóknum á vatni á lág- og háhitasvæðum. Unnið þétt með LV varðandi virkjanir í neðri Þjórsá.
3. V býður rammaáætlun fram aðstoð og þjónustu. Til mikil gögn um mörg svæði en minna um önnur.
4. Formaður taldi mjög líklegt að faghópar I og II myndu leita til V. Sigurður og Guðni töldu V mest koma að störfum faghópa I og II en einnig væru snertifletir við hópa III og IV. Faghópur I verður með stærri undirhóp í matinu sjálfu og m.a. er eðlilegt að kallað verði á fulltrúa V. Í þá vinnu. Sama gæti orðið ofan á í faghópi II.
5. Hafa hugað að áhrifum heits vatns á ár og vötnum, tjörnum. Eiga skýrslur um smádýralíf á 6 háhitavæðum. Hafa ekki gefið sig að örverum.
6. Koma einnig nálægt veiðihlunnindum – skráningarvinna. Á þessu sviði eru mikil verðmæti í húfi.

Minnisblað frá Veiðimálastofnun til rammaáætlunar

Veiðimálastofnun er rannsókn og ráðgjafastofnun og hefur lögum samkvæmt það hlutverk að rannsaka og skrásetja náttúrufar í fersku vatni. Þá hefur stofnunin með alla veiðinýtingu í ám og vötnum að gera. Stangveiði í ám og vötnum er mikilvæg atvinnugrein og er árleg velta greinarinnar rúmfrá 12 milljarðar þar af eru um 2 milljarðar áætlaðar sem arður til veiðiréttarhafa.

Á Veiðimálastofnun starfa um 20 manns og er röskur helmingu þeirra með framhaldsmenntun á háskólastigi í líffræði, fiskifræði og öðrum raungreinum.

Á stofnuninni er mikil þekking á þessum sviðum og einnig eru í gagnagrunni stofnunarinnar gögn um lífríki og veiðinýtingu úr mörgum ám og vötnum landsins. Stofnunin hefur rannsakað mjög mörg straumvötn og stöðuvötn landsins, með einhverjum hætti, mismikið eftir markmiði rannsókna hverju sinni.

Þessi þekking og gögn geta nýst vel þegar kemur að mati virkjunarkosta með tilliti til verndargildis og hlunninda. Vatnaflsstöðvar hafa oft mikil inngríp í vistkerfi þeirra vatna sem virkjuð eru. Þá eru vötn oft á áhrifasvæðum háhitasvæða. Miklar rannsóknir hafa farið fram hjá stofnuninni á virkjuðum vötnum og einnig á hitasvæðum. Undirritaður leggur til að verkefnisstjórnin fái sérfræðing af stofnuninni í faghóp um náttúrufar og annan í faghóp um hlunnindi. Tel ég að það myndi styrkja það starf mikið.

Nánari grein fyrir þessu er undirritaður ásamt mínu fólki tilbúinn að gera á fundi með verkefnisstjórninni síðar í þessu mánuði.